

Tillaga til þingsályktunar

um endurskoðun laga um innflutning dýra.

Flm.: Drífa Hjartardóttir, Þuríður Backman, Karl V. Matthíasson,
Sigríður Jóhannesdóttir, Guðjón A. Kristjánsson,
Arnbjörg Sveinsdóttir, Katrín Fjeldsted.

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að hefjast þegar handa um endurskoðun laga nr. 54/1990, um innflutning dýra, og búnaðarlaga, nr. 70/1998, með það að markmiði að vernda íslenska dýra- og búfjárstofna.

Greinargerð.

Hinn 11. desember 1994 öðlaðist gildi hér á landi samningur Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni sem gerður var í Ríó de Janeiro 5. júní 1992 og undirritaður af Íslands hálfu 12. júní sama ár. Markmið samningsins er að vernda líffræðilega fjölbreytni, sjálfbæra notkun efnispáttu hennar og réttláta skiptingu hagnaðar sem stafar af nýtingu erfðaauðlinda. Samkvæmt samningnum er viðurkennt að aðildarríkin eigi fullveldisrétt yfir eigin líffræðilegum auðlindum og jafnframt að þau beri ábyrgð á verndun þessara auðlinda.

Undanfarið hefur mikið verið rætt um innflutning á erlendu erfðaeefni búfjár og ljóst er að gildandi lög um innflutning dýra eru lítið í takt við ákvæði Ríó-samningsins. Hin norrænu kyn og stofnar nautgripa, sauðfjár, hrossa, geita og alifugla sem hér hafa verið ræktuð þarfnast verndar m.a. vegna þess að þrjú þessara kynja standa undir hefðbundinni búfjárframleiðslu í landinu og í þeim eru fólgnar verðmætari erfðaauðlindir. Undanþáguheimildir landbúnaðarráðherra samkvæmt lögum um innflutning dýra eru allt of rúmar og ekki í samræmi við nútímasjónarmið.

Helstu atriði sem taka þarf til endurskoðunar eru:

1. Herða þarf skilyrði fyrir innflutningi erfðaefnis, einkum þegar það getur leitt til þess að innlendir stofnar verði undir í samkeppninni og þannig lent í útrýmingarhættu.
2. Í gildandi lögum er hvergi minnst á að íslenskir stofnar og eiginleikar þeirra séu auðlind sem beri að varðveita. Í Ríó-samningnum eru hugtökin líffræðileg auðlind og erfðaauðlind skilgreind og væri rétt að laga íslenska löggjöf til samræmis við þau hugtök. Í 6. gr. laga um innflutning dýra er landbúnaðarráðherra veitt heimild til að fela búgreina-samböndum og ræktunarfélögum framræktun kynja. Hugtakið „ræktunarfélag“ er hvergi skilgreint í lögum eða lögskýringargögnum en telja verður nauðsynlegt að það liggi alveg ljóst fyrir hvers konar félög megi takast á hendur svo ábyrgðarmikið starf sem framræktun innfluttra kynja óhjákvæmilega er.
3. Gera þarf meiri kröfur til rökstuðnings fyrir hugsanlegum ábata af innflutningi en ljóst er að innflutningur erfðaefnis getur haft verulega neikvæð áhrif á innlenda stofna ef illa tekst til.

4. Gera ætti sérstakt verndunarmat áður en ráðist er í kynblöndun en í 12. gr. laga um innflutning dýra er þess aðeins getið að þess skuli gætt að verðmætir eiginleikar í íslenskum búfjáarkynjum tapist ekki við blöndun við innflutt kyn. Tvímælalaust ætti verndunarmat að fara fram á kostnað þess sem fer fram á innflutning erlends kyns. Þá skal á það bent að í lokamálslið 2. mgr. 12. gr. er ráðherra veitt heimild til að setja reglugerðarákvæði um að aðeins megi nota hið innflutta kyn til einblendingsræktar ef ástæða þykir til. Slíkt verndunarákvæði hefur ekki verið sett og í lögunum er ekki að finna ákvæði sem með virkum hætti vernda innlent erfðaeefni í búfé. Með sérstöku verndunarmati væri betur hægt að koma í veg fyrir stórslys á þessum vettvangi. Slíkt mat gæti m.a. falið í sér ítarlega skoðun á kostum, göllum og eiginleikum erfðaefnis og efnahagslegir hagsmunir vegnir og metnir gagnvart verndarhagsmunum til lengri tíma litið. Þá gæti slíkt mat einnig kveðið á um hvernig unnt væri að varðveita hið innlenda erfðaeefni sem best í samkeppni við innflutt erfðaeefni ef innflutningur yrði leyfður.
5. Setja þarf skýrar reglur um ábyrgð innflutningsaðila á sjúkdómum eða erfðagöllum sem fylgt geta innfluttu erfðaeefni.

Í 9. gr. búnaðarlaga, nr. 70/1998, segir að markmið búfjárræktar sé að tryggja framfarir í ræktun búfjár í þeim tilgangi að auka samkeppnishæfni íslensks búfjár og búfjárafurða og að búfjárræktin skuli taka mið af skuldbindingum Íslendinga um varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni. Markmiðið er ágætt svo langt sem það nær en efnisreglur skortir að mestu og hugtakanotkun er ekki samræmd við Ríó-samninginn.